



## Reglur um klær og tengla

### 1. Tilgangur

Að tryggja öryggi við notkun og meðferð almennra færanlegra raffanga. Reglur sem settar eru fram í þessari verklagsreglu eru til frekari fyllingar reglugerðar um raforkuvirki nr. 678/2009, sbr. gr. 2.12 í þeirri reglugerð.

### 2. Ábyrgð

Löggiltir rafverktakar bera ábyrgð á að tenglar sem settir eru upp í neysluveitum sem unnar eru á þeirra ábyrgð séu í samræmi við þessar reglur. Framleiðendur og/eða innflytjendur raffanga bera ábyrgð á að einfasa klær almennra færanlegra raffanga sem þeir markaðssetja séu í samræmi við þessar reglur. Sömu leiðis bera þeir ábyrgð á að klær og tenglar fjöltengja, framlengingarsnúra o.þ.h. búnaðar séu í samræmi við þessar reglur.

### 3. Skilgreiningar

Með „klær og tenglar til heimilis- og ámóta nota“ er átt við hefðbundinn einfasa búnað til tengingar almennra færanlegra raffanga, allt að 16A, við raflagnir neysluveitna. Með „heimilisog ámóta nota“ er ekki einungis átt við íbúðir heldur allar neysluveitur sem við geta átt, s.s. skóla, dagheimili, hótél, gististaði, opinberar byggingar, atvinnuhúsnæði o.s.frv.

### 4. Tenglar

Í nýjum neysluveitum og við stærri breytingar á neysluveitum í rekstri skulu einfasa tenglar til heimilis- og ámóta nota sem settir eru upp uppfylla öryggiskröfur staðalsins IEC 60884-1:2006. Séu settir upp tenglar sem uppfylla öryggiskröfur annarra staðla eða tæknigagna skulu þeir sem það gera geta sýnt fram á með skjalfestum hætti að sambærilegu öryggi sé náð. Auk ofangreindra öryggiskrafna skulu einfasa tenglar til heimilis- og ámóta nota standast mál skv. málblöðum I, III, XII eða XIV í staðlinum IEC EE CEE-7:1963 eftir því sem við á.

### 5. Klær

Einfasa rafföng, allt að 16A, sem markaðssett eru á Íslandi og eiga reglum samkvæmt að vera búin klóm til tengingar við raflagnir almennra neysluveitna, skulu búin klóm sem uppfylla öryggiskröfur staðalsins IEC 60884-1:2006 eða staðalsins ÍST EN 50075:1990 (flatar 2,5A klær af flokki II). Sama á við um klær sem settar eru á rafföng, t.d. eldri rafföng, sem ætluð eru til tengingar við tengla sbr. gr. 4 í þessari verklagsreglu. Séu rafföng markaðssett með klóm sem uppfylla öryggiskröfur annarra staðla eða tæknigagna skulu þeir sem það gera geta sýnt fram á með skjalfestum hætti að sambærilegu öryggi sé náð.

Auk ofangreindra öryggiskrafna skulu einfasa klær til heimilis- og ámóta nota standast mál skv. málblöðum IV, VII, eða XVII í staðlinum IEC EE CEE-7:1963 eða málblaði I í staðlinum ÍST EN 50075:1990, eftir því sem við á.



### 6. Fjöltengi, framlengingarsnúrur, tækjatenglar o.þ.h.

Klær og tenglar fjöltengja og framlengingarsnúra og tækjatenglar til tengingar einfasa almennra færanlegra raffanga, allt að 16A, við raflagnir neysluveitna skulu uppfylla sömu öryggiskröfur og standast sömu mál og tilgreind eru fyrir klær og tengla skv. gr. 4 og 5 í þessari verklagsreglu.

### 7. Klær og tenglar til annarra nota

Klær og tenglar til annarra nota en skilgreind eru hér að ofan, t.d. fyrir eldavélar, SELV, sérhæfðan búnað, t.d. á sjúkrahúsum, o.s.frv. skulu uppfylla kröfur viðeigandi staðla, t.d. IEC 60884 staðlaraðarinnar eins og við á. Klær og tenglar til iðnaðarnota skulu uppfylla kröfur ÍST EN 60309 staðlaraðarinnar eða sambærilegs staðals og klær og tenglar sérstaklega til hleðslu rafbíla skulu uppfylla kröfur staðlaraðarinnar ÍST EN 62196 eða sambærilegs staðals.

### 8. Tilvísanir

- Reglugerð um raforkuvirki, nr. 678/2009.
- IEC 60884-1:2006.
- IEC EE CEE-7:1963, málblöð I, III, XII og XIV.
- IEC EE CEE-7:1963, málblöð IV, VII, og XVII.
- ÍST EN 50075:1990.
- IEC 60884 staðlaröðin.
- ÍST EN 60309 staðlaröðin.
- ÍST EN 62196 staðlaröðin.

### Eyðublöð

- MVS 3. 202.
- Yfirferðareyðublöð rafverktaka á eigin verkum.
- Skoðunareyðublöð markaðseftirlits raffanga.